

FUNDAGERÐ BYGGINGARNEFNDAR

Mánudaginn 20. ágúst 2004, kl. 17⁰⁰, var fundur haldinn í byggingarnefnd Höfðahrepps. Á fundinum voru mætt: Gunnlaugur Sigmarsson, Sæmundur Gunnarsson, Vilhelm Harðarson, Magnús B. Jónsson, Pétur Eggertsson, Rolf Árnason, byggingafulltrúi og Pröstur Líndal slökkviliðsstjóri.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Hólaberg 4.

Fyrir fundinum lá erindi Adolfs H. Berndsen fh. Snorrabergs ehf sem sækir um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á lóðinni skv. meðfylgjandi uppdráttum. Teikningar að húsinu eru unnar af teiknistofunni Torginu/ Þorsteini Friðþjófssyni, byggingatæknifræðingi. Byggingastjóri við húsið verður Helgi Gunnarsson, byggingameistari. Erindið var samþykkt.

2. Bjarmanes (fnr. 213-9099)

Sveitarstjóra lagði fram lokateikningar af Bjarmanesi vegna breytinga á húsinu til kynningar og staðfestingar byggingarnefndar. Teikningarnar eru gerðar af “Arkitektar Ólöf og Jon ehf.” Teikningarnar voru staðfestar án athugasemda.

3. Hólabraut 11 (fnr. 213-8885):

Björn Sigurðsson óskar heimildar til að byggja skjólgirðingu um sólpall við Hólabraut 11. Meðfylgjandi erindinu var skýringaruppdráttur af fyrirhuguðum framkvæmdum. Erindið var samþykkt.

4. Strandgata 30 (fnr. 213-9003)

Gísli Snorrason f.h. Vélaverkstæðis Skagastrandar óskar heimildar byggingarnefndar til að gera breytingu á útliti eignarinnar og setja hurð á vesturhlið hússins. Meðfylgjandi erindinu var skýringaruppdráttur af breytingunni. Erindið var samþykkt.

5. Skagavegur 16 (fnr. 213-8984)

Hjalti Sævar Hjaltason óskar heimildar byggingarnefndar til að klæða eignina með Kanadískri klæðningu. Erindið var samþykkt.

6. Staðfesting lóðamarka:

a) Fellsbrautar 4.

Fyrir fundinum lá tillaga að lóðamörkum sem verkfræðistofan Stoð hafði gert. Lóðamörkin voru staðfest af byggingarnefnd.

b) Bankastræti 4

Fyrir fundinum lá tillaga að lóðamörkum sem verkfræðistofan Stoð hafði gert. Lóðamörkin voru staðfest af byggingarnefnd.

c) Bankastræti 6

Fyrir fundinum lá tillaga að lóðamörkum sem verkfræðistofan Stoð hafði gert. Lóðamörkin voru staðfest af byggingarnefnd.

d) Skagavegur 19, Steinholt

Fyrir fundinum lá tillaga að lóðamörkum sem verkfræðistofan Stoð hafði gert. Lóðamörkin voru staðfest af byggingarnefnd.

e) Skagavegur 2a, Barnaból

Fyrir fundinum lá bréf Ágústis Þórs Bragasonar sem greinir frá því að fyrirbyggjandi teikningar séu raunteikningar sem verkfræðistofan Stoð hafði gert. Lóðamörkin voru staðfest af byggingarnefnd.

f) Laufás

Fyrir fundinum lá tillaga að lóðamörkum sem verkfræðistofan Stoð hafði gert. Lóðamörkin voru staðfest af byggingarnefnd.

7. Lóðamörk við Hólanesveg.

Fyrir fundinum lá teikning af lóðum við Hólanesveg sem sveitarstjóri kynnti. Tillaga að lóðamörkum eigna við Hólanesveg hafa verið sendar eigendum til kynningar. Byggingarnefnd gerði ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi gögn en vísaði endanlegri afgreiðslu lóðamarka til næsta fundar.

8. Önnur mál.

Fyrir fundinum lá erindi Sorphreinsunar VH ehf. sem sækir um afnot lóðar að Oddagötu 16 þangað til byggt verður á lóðinni. Vilhelm lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið og vék af fundi á meðan það var tekið til afgreiðslu. Byggingarnefnd samþykkti afnot lóðarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 18.⁴⁰
